



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1628
komudagur 26.4.2005

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

S/93

**Alþingi,
samgöngunefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.**

25. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2005 – 2008, 721. mál.

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis, dags. 18. þ.m., var Sambandi íslenskra tryggingafélaga (SÍT) sent ofangreint þingmál til umsagnar. Af því tilefni skal eftirfarandi atriðum hreyft:

SÍT gerir ekki athugasemd við skiptingu fjár milli samgöngusviða eða skiptingu innan hvers sviðs, og ekki heldur hvernig fjármunum er varið til einstakra vegamála. Þó álitur SÍT að eðlilegt sé að hafa ávallt í forgangi þær vegaframkvæmdir sem arðbærastar reynast. Er í því efni m.a. horft til vega og vegkafla þar sem slysatíðni er há. Er því fagnað þeim markmiðum sem sett eru fram í kafla 1.1.4 um öryggi í samgöngum og að átak í umferðaröryggismálum verði eitt af forgangsmálum þessa áætlunartímabils. SÍT fagnar þeim áföngum sem hafa náðst við að halda niðri hámarkshraða í þéttbýli og þá sérstaklega í íbúðagötum en vill um leið minna á þá skoðun samtakanna, að almennur hámarkshraði á vegum úti henti oft illa. Er nauðsynlegt að grípa til meiri hraðatakmarkana þar sem augljóst má teljast að viðkomandi vegakaflar þola ekki þann ökuhraða sem heimilaður er og viðkomandi vegakafla var jafnvel ekki hannaðir fyrir slíkan hraða. Jafnframt þarf að stórauка vegamerkingar bæði hvað varðar hraðaheimildir og einnig gera mun meira áberandi umferðarmerkingar til leiðbeiningar öikumönnum.

Umferðaröryggisáætlunin er um ræðir í kafla 5 og fjallar um markmið og aðgerðir yfirvalda til ársins 2012 er að mati SÍT þarft plagg til að skilgreina þann vanda sem við er að eiga og hvernig skuli unnið að þeim markmiðum sem sett eru fram í umferðaröryggisáætluninni. Þeir fjármunir sem ætlað er til þessa málaflokks þ.e. 385 millj. króna á ári er ekki mikil hlutdeild af heildarfjárveitingum til samgöngumála eða vel innan við 1%. Þó leggur SÍT áherslu á að umferðaröryggisáætluninni verði komið í það horf, að þau verkefni og markmið sem þar eru sett fram, verði nákvæmar útlistuð, ábyrgðaraðilar settir fyrir hvert verkefni og þær fjárveitingar sem ætlaðar eru hverju verkefni verði vel sundurgreindar. Jafnframt verði tryggt gott aðgengi að stöðu mála á hverjum tíma þannig að allur almenningur sem lætur sig þessi mál skipta geti fylgst með, séð árangur og/eða komið með athugasemdir við einstök mál jöfnum höndum.

Með vinsemi og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA


Jón Ólafsson